

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

### Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2008

*stefnuræða bæjarstjóra við fyrri umræðu*

#### I. Inngangur.

Frumvarp fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008 er hér lagt fram til fyrri umræðu 6. desember 2007 en áætlað er að seinni umræða verði 13. desember nk. auk þess að fjárfestingaráætlun til þriggja ára (3ja ára áætlunin) verður lögð fram í bæjarráði á fyrsta eða öðrum fundi þess eftir áramótin og til umræðu í bæjarstjórn í janúar 2008. Lögð verður meiri vinna í 3ja ára áætlun núna en fyrri ár og greinargerð lögð fram með áætluninni.

Fjárhagsáætlunin er nú lögð fram einni viku fyrir en í fyrra og gert er ráð fyrir að afgreiðslu áætlunarinnar verði endanlega lokið fyrir jól og er það innan lögbundins tíma. Sveitarfélögum ber að ljúka gerð fjárhagsáætlunar fyrir lok desembermánaðar og þriggja ára áætlun innan tveggja mánaða frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Áætlunin er lögð fram til fyrri umræðu með halla á rekstri sem nemur 163,5 millj.kr. þegar aðalsjóður og B-hluta sjóðir eru lagðir saman í samstæðureikningi. Veltufé frá rekstri í samstæðu er jákvætt um 174 millj.kr. í áætluninni. Þannig skilar reksturinn fjármagni þó um halla sé að ræða enda eru afskriftir 156,0 millj.kr., verðbætur og gengismunur 105,9 millj.kr. og breyting lífeyrisskuldbindinga 90 millj.kr. Alls 351,9 millj.kr. sem eru reiknaðar stærðir í rekstrareikningi.

Aðhalds er gætt í rekstri Ísafjarðarbæjar eins og sjá má þegar rekstur sveitarfélaga er borinn saman. Aukning rekstrarútgjalda er minni en meðaltalsaukning þrátt fyrir að utanaðkomandi aðstæður séu erfiðari. Þá er rétt að hafa í huga að aukning rekstrarkostnaðar vegna fræðslumála er ekki minni hjá Ísafjarðarbæ en öðrum sveitarfélögum. Stofnun Fasteigna Ísafjarðarbæjar, Eignasjóðs, fækkun starfa á skrifstofu þrátt fyrir fjölgun verkefna og fleira í þeim dúr er til marks um markviss vinnubrögð í rekstri. Þetta hefur m.a. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga staðfest í bréfi sínu frá því í mars 2007 þar sem fram kemur að eftir skoðun nefndarinnar sé augljóst að vel sé haldið utan um rekstur bæjarins en utanaðkomandi aðstæður séu rekstrinum óhagstæðar.

Þær breytingar sem nú eru að verða í starfsmannahaldi bæjarins með nýjum stöðum eins og samþykkt hefur verið samhljóða í bæjarstjórn munu skapa viðbótarkostnað til að byrja með en hugsunin á bak við þessar breytingar er sú að til lengri tíma munu þær verða til rekstrarhagræðingar.

Þó reksturinn skili afgangi í veltufé þarf sú tala að vera hærri enda hafa miklar framkvæmdir verið á vegum Ísafjarðarbæjar á undanförunum árum og verða á næsta ári. Áætlunin er lögð fram með þessum hætti til fyrri umræðu en vænta má breytingatillagna meirihluta við síðari umræðu.

#### II. Almenn atriði.

Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar 2008 var samþykkt á 544. fundi bæjarráðs 24. september s.l. Vinnuferlið lýsir hvernig tímasetningum, verklagi og starfsháttum starfsmanna og kjörinna fulltrúa skuli háttað við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Líkt og áður voru settir ramar að fjárhagsáætlun næsta árs fyrir hvern málaflökk og deildir. Við setningu fjárhagslegra ramma var við það miðað að grunnur kostnaðar (rekstrarútgjöld) hækki að meðaltali um 4,5% milli ára og grunnur tekna (rekstrartekjur) hækki að meðaltali um 4,5%. Í reiknilíkani sem

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

sviðsstjórar og deildarstjórar fengu til að auðvelda þeim vinnuna að gerð fjárhagstillagna voru nokkrir bundnir liðir sem ekki átti að fylla út í, s.s. launagjöld, reiknaðar millifærslur, ýmsir skattar og tryggingar, afborganir og vextir svo og ýmsir langtímarekstrarsamningar.

Á kynningarfundum með bæjarstjóra og fjármálastjóra 16. október sl. þar sem mættu sviðsstjórar og deildarstjórar var vinnuferlið kynnt svo og forsendur og tímasetningar, aðferðarfræðin, reiknilíkanið og verkferlar. Náð samráð var haft við deildarstjóra og sviðsstjóra við gerð tillagna til fjárhagsáætlunar. Sérstakir vinnufundir voru haldnir með ýmsum deildarstjórum þar sem tillögur þeirra voru yfirfarnar og þær settar fram á því formi sem óskað hafði verið eftir. Ýmsir vinnufundir voru haldnir með bæjarstjóra, sviðsstjórum og bæjarráði. Haldinn var bæjarráðsfundur sem stóð heilan dag. Á þann fund voru boðaðir sviðsstjórar og með þeim formenn nefnda og deildarstjórar eftir því sem sviðsstjórnir ákváðu sjálfir.

Að mestu hefur samþykkt vinnuferli gengið eftir til þessa.

Bæjarfulltrúar fengu sérstaka vinnubók með sundurliðun rekstrarþátta, lista um viðbótarrekstrarverkefni og fjárfestingar, auk tillagna að gjaldskrá.

Send verður fréttatilkynning til fjölmiðla um helstu atriði í frumvarpi til fyrri umræðu. Stefnt er á að halda blaðamannafund eftir síðari umræðu um fjárhagsáætlun, þannig kemst örugglega til skila hvernig endanleg fjárhagsáætlun lítur út með breytingartillögum.

### Nokkur stefnumarkandi atriði samandregin:

- Skýrar reglur eru um framkvæmd fjárhagsáætlunar. Forstöðumönnum deilda og sviðsstjórum er óheimilt að skuldbinda sveitarfélagið til útgjalda umfram fjárhagsáætlun nema fyrir liggja samþykki bæjarráðs til þeirrar útgjaldaaukningar. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar verða í greinargerð með endanlegri útgáfu hennar. Sviðsstjórar eiga að tilkynna breytingar í rekstri á sviðsstjórafundum svo samstundis sé hægt að bregðast við og fara með málið fyrir bæjarráð þyki sýnt að fjárhagsáætlun standist ekki.
- Gert er ráð fyrir því að almenningssamgöngur innan Ísafjarðarbæjar verði gjaldfrjálssar fyrir alla farþega frá og með 1. janúar 2008.
- Áfram verður gjaldfrjálst í sund fyrir börn upp að 16 ára aldri enda hefur það jákvæð áhrif bæði á hreyfingu og heilsu og reynslan er sú eftir fyrstu 10 mánuði þessa fyrirkomulags að tekjur á sundstöðum dragast ekki saman heldur aukast frekar. Ástæðunnar er að leita í fleiri sundferðum fullorðinna með börnum sínum.
- Áætlað er fyrir því að hefja hönnun og byggingu sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi í samræmi við hugmyndir um slíka byggingu. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til að hanna mannvirkið og útbúa útboðsgögn strax á árinu 2008.
- Til að ljúka við stórverkefnið nýbygging við Grunnskólann á Ísafirði og taka mannvirkið í notkun í upphafi næsta skólaárs, haustið 2008 eru áætlaðar 273 m.kr. á árinu 2008. Öll aðstaða skólans mun gjörbreytast þegar þetta hús verður tekið í notkun.
- Vinna er hafin við að leggja þjónustudeild Hlífar niður í áföngum. Fyrsta skrefið er að taka ekki inn nýja sjúklinga heldur veita þeim þjónustu heima fyrir eða á sjúkrahúsinu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um lokun þjónustudeildarinnar. Unnið er í Þjónustuhópi aldraðra að eflingu og samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Jafnframt mun félagsmálanefnd fjalla um búsetuúrræði aldraðra í stefnumótunarvinnu

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

sem fram fer í vetur. Reikna má með að línur verði orðnar skýrar í vor.

Horft er til byggingar á nýju hjúkrunarheimili. Stefna Ísafjarðabæjar er að efla heimahjúkrun og heimaþjónustu enn frekar til að gera einstaklingum kleift að búa sem lengst heima hjá sér.

- Taxtar dagvistunargjalda fyrir leikskóla hafa ekki hækkað frá gjaldskrá í febrúar 2005 sem er um 20% raunlækkun leikskólagjalda. Því til viðbótar er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að leikskólagjöld og matarkostnaður á leikskólum lækki um 10% frá og með 1. janúar 2008.
- Fyrsta skrefið í gjaldfrjálsum leikskóla fyrir 5 ára börn var tekið á árinu 2007 en þá urðu tveir tímar fyrir hádegi án þátttöku foreldra í rekstrarkostnaði. Í fjárhagsáætlun 2008 bætast tveir tímar við þannig að frá og með 1. janúar 2008 eru fjórir tímar gjaldfrjálsir fyrir fimm ára börn.
- Skoðuð verður rekstrarleiga bifreiða en skv. frumvarpinu stendur til að kaupa þrjár bifreiðar.
- Heimild verður áfram til sölu íbúða á Hlíf I. Árið 2005 var samþykkt að selja 4 íbúðir af 10 og í fjárhagsáætlun 2007 var heimild fyrir sölu íbúða áfram. Þannig verði seldar að hámarki 10 íbúðir en 20 íbúðir verði áfram í leigu. Gert er ráð fyrir að halda áfram endurbótum á íbúðum á Hlíf I á næsta fjárhagsári.
- Aflagjald verður lækkað úr 1,4% í 1,3% hjá Höfnum Ísafjarðarbæjar auk þess sem kranagjald verður lækkað um 15%. Með þessu er komið til móts við útgerðir vegna skerðingar á aflaheimildum í þorski.
- Heimild verður eins og áður til almennrar eignasölu, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar hverju sinni.

## Meginforsendur áætlunar 2008.


### Tekjuáætlun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skatttekjur hækki um tæpar 14% milli áætlana 2007 og 2008.


Við áætlun skatttekna er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna vegna aukinna atvinnutekna og auknum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og munar þar mest um sérstakt viðbótarframlag.

Gert er ráð fyrir óbreyttri álagningarprósentu útsvars eða 13,03%, það munu einungis 7 sveitarfélög af 79 á Íslandi vera með lægri útsvarsprósentu. Í tilfelli Ísafjarðarbæjar gengur lægri útsvarsprósenta ekki upp því þá verður sveitarfélagið af ákveðnum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur vegna fasteignaskatts eru áætlaðar nær hinar sömu og í áætlun 2007 þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir hækkun fasteignamats á íbúðarhúsnæði, ástæðan er sú að fasteignaskattar ársins 2007 voru ofmetnir í fjárhagsáætlun um tæpar 8 m.kr. Nýtt fasteignamat kemur þó ekki út fyrir en um miðjan desember þannig að hér er um áætlun á því að ræða. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarstuðlum fasteignaskatts og lóðarleigu, hækkun á álagningarstuðli holræsagjalds og lækkun á móti á álagningarstuðli vatnsgjalds og hækkun á sorpgjaldi á íbúðir og lögðila. Tillaga að reglum um niðurfellingu fasteignaskatts og holræsagjalds ellilífeyrisþega og öryrkja af íbúðarhúsnæði þeirra til eigin nota verða lagðar fram í bæjarráði í byrjun janúar. Gert er ráð fyrir því að hækka afsláttinn á milli ára eins og gert var vegna ársins 2007 og skoða undanþágur með hagsmuni þessa hóps í huga.



Mynd 1. Skipting tekna á helstu tekjupætti.



Mynd 2. Rekstrartekjur á tímabilinu 2003-2008.

### Gjaldaáætlun.


Launakostnaður er sem fyrr langstærsti einstaki útgjaldaliður rekstrar, þá vöru- og þjónustukaup, ýmsar millifærslur og aðrar tilfærslur og loks fjármagnskostnaður.

Við gerð launaáætlunar var vandlega farið yfir stöðuheimildir og vinnustundaáætlanir gerðar fyrir einstakar deildir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda sem nemur tæpum sex ársstöðum miðað við áætlun 2007. Áætlaður heildarfjöldi starfsmanna, reiknað sem ársstöður, er í frumvarpinu rúmar 295 ársstöður borið saman við 289 ársstöður á fjárhagsáætlun þessa árs. Í frumvarpinu má sjá yfirlit stöðugilda hjá einstökum deildum sem lagt er til að gildi á næsta ári. Á milli umræðna um frumvarpið verður betur farið yfir stöðuheimildir og vænta má breytinga á milli umræðna þar sem vandlega þarf að fara yfir stöðugildi í grunnskólum og leikskólum til að tryggja að stöðugildafjöldi sé í samræmi við þörf skólanna.


Fjölgun stöðugilda byggir á samþykktum tillögum stjórnarsýslunefndar sem lagði til ný stöðugildi mannauðsstjóra, starfsmanns Eignasjóðs, umhverfisfulltrúa, upplýsingafulltrúa og fleiri breytingar sem hafa áhrif á stöðugildafjöldann.

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

Grunnur útreikninga reiknaðra millifærslna; innri leigu, afskriftir og vextir og afborganir innri skulda, var endurmetinn þar sem tekið var tillit til fjárfestinga á þessu ári.




Mynd 3. Skipting gjalda á helstu gjaldabætti.




Mynd 4. Skipting rekstrargjalda á helstu málaflokka.


## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða



Mynd 5. Skipting launa á helstu málaflokkum.



Mynd 6. Rekstrargjöld á tímabilinu 2003-2008.



Mynd 7. Laun á tímabilinu 2002-2008.

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

### **Gjaldskrár.**

Tillögur að gjaldskrárum eru lagðar fram nú við fyrri umræðu en gert er ráð fyrir að þær hækki um 4,5% utan leikskólagjalda og matargjalda á leikskóla sem lækka um 10% en sú gjaldskrá hefur ekki hækkað frá því í febrúar árið 2005 sem þýðir veruleg raunlækkun dagvistunargjalda. Alls er um að ræða 30% lækkun þessara gjalda frá byrjun ársins 2005. Breytingar gjaldskráa taka gildi 1. janúar 2008. Fjallað verður sérstaklega um gjaldskrár í texta einstakra málaflokka þar sem frávik eru frá almennri 4,5% hækkun eins og hjá hafnarsjóði.

### **Framsetning fjárhagsáætlunar.**

Áætluninni er skipt í fjóra kafla. Fremst eru yfirlitsblöð, þá rekstrarreikningar, efnahagur og sjóðsstreymi, þá sundurliðun rekstrar og loks tillögur að gjaldskrá, yfirlit og sundurliðun fjárfestingaverkefna og sérgreindra rekstrarútgjalda. Meðal nýjunga í framsetningu frumvarpsins eru lykiltölur og yfirlit launakostnaðar deilda og nefnda.

Fjárhagsáætlun 2008 verður gefin út í samræmi við bókhaldslykil reikningsskila- og upplýsinganefndar félagsmálaráðuneytis, sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum og auglýsingu nr. 945/2004. Það felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A- og B-hluta í fjárhagsáætluninni. Í A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð af skatttekjum. Í B-hluta eru stofnanir sveitarfélagsins sem eru í eigu sveitarfélagsins en eru reknar sem fjárhagslegar sjálfstæðar einingar.

Í frumvarpinu eru reiknaðar millifærslur milli Eignasjóðs og deilda vegna leigu húsnæðis, afskriftir og innri vextir reiknaðir og áfallnar lífeyrisskuldbindingar og verðbreytingarfærslur langtímalána metnar. Birtur er efnahagsreikningur 31. desember 2008 og sjóðsstreymi ársins sett fram.

Í endanlegri útgáfu fjárhagsáætlunarinnar verður efnahagsreikningur birtur þar sem tekið er tillit til breytinga sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu á milli umræðna. Stefnuræður bæjarstjóra við fyrri og síðari umræðu verða birtar en þar er ítarlega gerð grein fyrir ákvörðunum sem liggja að baki ýmsum tölulegum gildum. Ennfremur verða birtar leiðbeiningar og verklagsreglur sem tryggja að ákvarðanir sem teknar eru með samþykkt fjárhagsáætlunar ársins komist í framkvæmd.

### **III. Einstakir málaflokkar.**

Helstu niðurstöður frumvarpsins eru að heildarrekstrartekjur, skatttekjur og aðrar tekjur, eru áætlaðar 2.545 millj.kr. Heildarrekstrarútgjöld eru áætluð 2.709 millj.kr. en þar af eru reiknaðar afskriftir, áfallnar verðbætur langtímalána og áfallnar lífeyrisskuldbindingar 352 millj.kr. og annar vaxtakostnaður 116 millj.kr. Framkvæmdir og sérstök stofnvíðhaldsverkefni eru áætlaðar 457 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 226 millj.kr. og eigin fjármögnun og nýjar lántökur eru áætlaðar 419 millj.kr.

#### Málaflokkar bæjarsjóðs og stofnanir bæjarins.

##### **00 Skatttekjur.**

Skatttekjur eru áætlaðar 1.817 millj.kr. nettó borið saman við 1.564 millj.kr. nettó í fjárhagsáætlun 2007. Hækkun skatttekna skýrist af hærri útsvarstekjum og auknu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Reiknað er með óbreyttri útsvarsprósentu 13,03% sú sama og í ár

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

Gert er ráð fyrir að breyting launataxta á næsta ári, óbreyttur íbúafjöldi m.v. fjölda í október 2007 og svipað atvinnustig leiði til tæplega 3% hækkunar útsvarstekna frá spá um útsvarstekjur á þessu ári. Í spá um tekjur vegna útsvars á næsta ári er tekið tillit til spár um tekjusamdrátt vegna skerðingar á aflaheimildum í byggðalaginu.

Tillögur að álagningarstuðlum fasteignagjalda; fasteignaskatts, lóðarleigu, vatnsgjalds og holræsagjalds, eru lagðar fram með frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að fasteignaskattur á íbúðir (A-flokkur) verði 0,45% af fasteignamati húsa og lóða og 1,60% af öðrum fasteignum (C-flokkur) eða óbreyttum álagningarstuðlum fasteignaskatts frá árinu 2007. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meðaltalshækkun fasteignamats á íbúðarhúsnæði verði 8,25%. Sá fyrirvari er gerður að þegar nýtt fasteignamat liggur fyrir kunna breytingar á álagningarstuðlum vegna íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis að vera gerðar. Fasteignaskattur á húseignir í eigu ríkissjóðs (B-flokkur) verður 1,32%. Álagningarstuðlar lóðaleigu verði óbreyttir milli ára eða 1,80% á íbúðarhúsnæði og 3,00% fyrir aðrar fasteignir. Álagningarstuðull vatnsgjalds verði 0,26% eða lækkun um 0,04 prósentustig frá þessu ári. Álagningarstuðull holræsagjalds verði 0,30% eða hækkun um 0,04 prósentustig frá þessu ári.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að sorpgjald fyrir íbúðarhúsnæði verði 35.000 kr. á íbúð sem er 6.000 kr. hækkun á milli ára og er hækkunin tilkomin vegna mikils kostnaðar við sorphreinsun svo og m.t.t. 10 gr. í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 þar sem segir: „...skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir förgun þ.m.t. uppsetningu og rekstri förgunarstaðar.“ Þessi upphæð sorpeyðingargjalds dugar samt ekki til að standa undir kostnaði við sorphreinsun og förgun.

Gjaldskrá sorpeyðingargjalds lagt á lögaðila má sjá í IV. kafla frumvarpsins á bls. 50. Tillaga um álagningu á einstök fyrirtæki og aðra lögaðila verður lögð fyrir bæjarráð í lok desember eða í byrjun næsta árs.

Stefnt er að því að leggja tillögur um ívilnun fasteignaskatta ellilífeyrisþega og öryrkja á íbúðarhúsnæði þeirra sem og fyrirkomulag styrkja til félaga sem sinna menningar-, íþrótt- og/eða björgunarstarfsemi fram á fyrsta fundi bæjarráðs eftir áramótin. Eins og á árinu 2007 er gert ráð fyrir að koma enn betur til móts við þessa hópa og sérstaklega skoðað hvort heimild verður til að vera með ívilnun á móti sorpgjaldi.

## **02 Félagsþjónusta.**

Rekstur þessa málaflokks hækkar verulega frá árinu 2007 aðallega vegna hærri kostnaðar vegna barnaverndarmála og ferðaþjónustu fatlaðra. Kostnaður vegna barnaverndarmála mun hækka all nokkuð á milli ára sem skýrist af þungum vistunamálum en erfitt er að spá fyrir um þennan kostnað af nákvæmni vegna eðli málsins. Áætlað er að endurgreiðsluhlutfall húsaleigubóta verði 50% en útgjöldin eru byggð á spá um fjölda bótaþega. Í gildi er samningur við verktaka til næstkomandi áramóta um rekstur Tómsundarstarfs aldraðra á Flateyri og verður skoðað hvort verkefnið verður áfram rekið í verktöku. Útgjöld vegna ferðaþjónustu fatlaðra hækka m.a. þar sem fleiri fatlaðir nýta sér þjónustuna. Gert er ráð fyrir að bæta við einum starfsmanni við heimaþjónustu. Að öðru leiti er rekstur málaflokksins álíka og á þessu ári að teknu tilliti til hækkunar launa vegna kjarasamninga og almennra verðlagshækkana.

## **04 Fræðslu- og uppeldismál.**

Fræðslumálin er útgjaldamesti málaflokkur sveitarfélagsins og hækkar kostnaður verulega á milli ára. Gert er ráð fyrir að nettó upphæð til rekstrar nemi 882 millj.kr. á næsta ári borið saman við 780 millj.kr. sem áætlað er á þessu ári eða um 102 millj.kr. sem er rúmlega 13% hækkun.



## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

Kostnaðarhækkunir á milli ára skýrast af mikilli hækkun kostnaðar við rekstur leikskóla vegna lækkunar á gjaldskrárm dagvistunargjalda og að faglærðum starfsmönnum við leikskóla hefur fjölgað, að kennsluskylda kennara lækkar vegna samningsákvæða í kjarasamningum og að hækkun verður á innri leigu húseigna Grunnskólans á Ísafirði.

Á milli umræðna um fjárhagsáætlun næsta árs verður farið betur yfir stöðuheimildir í leik- og grunnskólum og þær leiðréttar í samræmi við þörf skólanna.

Gert er ráð fyrir að annar áfangi að gjaldfrjálsum leikskóla fyrir fimm ára börn taki gildi þannig að fjórir tímar í vistun fyrir hádegi verði ekki greiddir af foreldrum heldur færast sá kostnaður til Ísafjarðarbæjar. Áætlað er að báðir áfangarnir kosti 5,5 millj.kr. Lækkun gjaldskrár leikskóla og matargjalda um 10% er áætluð að kosti tæpar 7 millj.kr.

Heildagsskóli (lengd viðvera/dægradvöl) hefur verið færð frá Grunnskólanum á Ísafirði og stofnuð sérstök deild undir sameiginlegum liðum grunnskólanna. Skipulagsbreytingin þýðir kostnaðarlækkun en þjónustan breytist ekki sem slík.

Tónlistarskólanum var gert að fækka starfsmönnum frá og með ársbyrjun 2007. Það gekk ekki eftir á árinu en stefnunni verður framfylgt á næsta ári. Í bígerð er frumvarp menntamálaráðherra þar sem tekið verður á greiðslu ríkisins vegna tónlistarnema sem eru í framhaldsskólum. Gangi það eftir mun rekstur tónlistarskóla lækka eitthvað hjá sveitarfélögum.

Samkomulag er við Tónlistarskóla Ísafjarðar um rekstur útibúa á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Bæjarfélagið greiðir laun og ferðakostnað kennara og skólastjórnenda vegna skólustarfsins og útvegar húsnæði fyrir starfseminna.

Gert er ráð fyrir að framlag til Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar verði 5.513 þús.kr. og hækkar framlagið um 4,5% á milli ára.

Til greina kemur að taka upp úthlutun í samræmi við nemendaígildi í skólum Ísafjarðarbæjar með svipuðum hætti og tíðkast hjá Reykjavíkurborg. Óskað verður eftir að Skóla- og fjölskylduskrifstofa í samstarfi við fræðslunefnd og skólastjórnendur framkvæmi úttekt á þessum möguleika.

Í lok síðasta mánaðar hafði alls verið framkvæmt fyrir 253 millj.kr. nettó að teknu tilliti til endurgreiðslu stofnframlags úr Jöfnunarsjóði við nýja skólabyggingu grunnskólans á Ísafirði og 178 millj.kr. á árunum 2003-2007 vegna lóðar við Austurveg 2, skólstofa á sundhallarlofti Austurvegi 9 og mötuneytis skólans. Af heildarupphæðinni hefur verið framkvæmt fyrir 156 millj.kr. á þessu ári og samkvæmt spá um rekstur ársins er áætlað að 50 millj.kr. bætist við til áramóta. Í frumvarpinu er ráð fyrir að 273 millj.kr. verði varið í framkvæmdir á árinu 2008 við nýja skólabyggingu grunnskólans og kaup á búnaði og frágangi lóðar. Stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun í upphafi næsta skólaárs. Mikil breyting verður á allri aðstöðu starfsfólks og nemenda þegar húsið verður komið í notkun. Allt frá árinu 1998 þegar Grunnskólinn á Ísafirði var einsetinn hefur jafnt og þétt verið unnið að bættri aðstöðu skólans. Markið var strax í upphafi sett hátt. Grunnskólinn á Ísafirði skyldi áfram vera á sama stað, aðstaða nemenda og starfsfólks ætti að vera til fyrirmyndar því við viljum búa vel að þeirri kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi.

## 05 Menningarmál.

Rekstur málaflokksins hækkar verulega á milli ára eða um rúm 20% og munar þar mestu um framlag til Edinborgarhússins samkvæmt samningi þar um. Gert er ráð fyrir hækkun framlags til Byggðasafns og Neðstakaupstaðarhúsanna til samræmis við raunkostnað í hlutfalli við kostnaðarhlutdeild einstakra sveitarfélaga sem standa að byggðasafninu. Stöðugildi við

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

Byggðasafnið er 1 og ½ staða en ½ staða í eftirliti með friðuðum húsum með framlagi frá ríkinu. Ísafjarðarbær sem er eigandi húseigna Byggðasafnsins mun leigja safninu aðstöðu. Gert er ráð að sameigendurnir Súðavíkurreppur og Bolungarvíkurkaupstaður greiði sem nemur um 22% af heildarkostnaði. Auk ofangreindra stöðugilda hafa sumarstarfsmenn verið ráðnir til vörslu við safnið og er kostnaður greiddur af aðgangseyri.

Gert er ráð fyrir að styrkir verði áfram veittir á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna frá forsvarsmönnum viðkomandi hátíða. Sem áður er gert ráð fyrir framlagi til bæjarlistamanns ársins svo og vegna útilistaverka. Í gildi er samkomulag við Komedíuleikhúsið um ýmsa listrana atburði og er áætlað fyrir kostnaði vegna þessa. Gert er ráð fyrir 10 millj.kr. framlagi á árinu 2008 til byggingar nýs safnhúss í Neðstakaupstað en framkvæmdum á árinu 2006 var frestað. Áætlað er fyrir 1 millj.kr. vegna viðbótarframlags til ýmissa hátíðarhalda til samræmis við raunkostnað.

### 06 Æskulýðs- og íþróttamál.

Rekstur málaflokksins hækkar ívið meira en sem nemur almennum verðlagshækkunum á milli ára.

Í byrjun þessa árs hófst starfsemi félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði í nýju húsnæði í kjallara sundhallarinnar við Austurveg 9 eftir viðamiklar breytingar. Á sama tíma hefur starfsemi í Gamla Apótekinu legið niðri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstur Gamla Apóteksins verði endurskoðaður. Um þetta verður frekar fjallað í fræðslu- og félagsmálanefndum áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Unnið hefur verið að tillögum um framtíðarfyrirkomulag rekstrar skíðasvæðisins af stjórn Skíðasvæðisins og væntingar eru um sérstakt fjármagn frá ríki og einkaaðilum. Fréttir hafa borist af því að reiknað sé með 10 m.kr. framlagi á fjárlögum ársins 2008.

Á árinu var endurnýjaður samstarfssamningur við HSV og er auknum fjármunum veitt til starfseminnar m.a. sérstöku 2,4 millj.kr. viðbótarframlagi til að mæta sérstökum viðbótarbeiðnum íþróttafélaga og annarra félagasamtaka og skýra þessi framlög að hluta hækkun kostnaðar við málaflokkinn. Á mótí kemur að bæjarráð á að geta vísað beiðnum um styrki til HSV.

Gert er ráð fyrir svipuðu umfangi rekstrar Vinnuskóla á árinu 2008 og tekið er mið af aðsókn unglunga í skólann eins og raunin varð á þessu ári. Vænta má breytingartillagna milli umræðna vegna gjaldskrár Vinnuskólans.

Á þessu ári var áætlað að endurskoða opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar á Flateyri vegna lítillar aðsóknar en vegna breytinga á mannhaldi við yfirstjórn málaflokksins gekk það ekki eftir. Hins vegar var fyrirkomulagi stjórnunar íþróttahúsanna við Austurveg 9 á Ísafirði og íþróttahússins á Torfnesi breytt þannig að nú er einn forstöðumaður fyrir bæði húsin. Frekari breyting verður á árinu 2008 í samræmi við samþykktar stjórnsýslubreytingar. Þar er gert ráð fyrir því að nýr starfsmaður á tæknideild / Eignasjóði verði yfirmaður starfsfólks íþróttamannvirkja.

Fagleg úttekt var gerð vegna nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi og er áætlað fyrir 25 millj.kr. kostnaði vegna undirbúnings og hönnunar nýrrar sundlaugar.

Í frumvarpi þessu eru reiknaðir styrkir til íþróttafélaga vegna afnota af íþróttamannvirkjum svo og vegna leigulausra afnota þeirra af íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins. Alls eru styrkir til íþróttafélaga í formi reiknaðra styrkja og peningagreiðslna áætlaðir tæpar 55 millj.kr. á næsta ári borið saman við um 49 millj.kr. á þessu ári. Til Héraðssambands Vestfirðinga er úthlutað

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

um 7.900 klst. sem afnot af íþróttahúsum sveitarfélagsins og er sambandinu falið að skipta tímunum niður á einstök íþróttafélög sem óska eftir afnotum af íþróttasölum eða sundlaugum.

### **07 Brunamál og almannavarnir.**

Rekstur málaflokksins hækkar nokkuð frá áætlun þessa árs aðallega vegna hækkunar á innri leigu til Eignasjóðs. Á árinu var unnið samkvæmt nýjum samningi við heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga. Áætlað er fyrir kaupum á ýmsum búnaði og tækjum fyrir slökkviliðið. Áætlað er fyrir launum framkvæmdastjóra almannavarna í hlutastarfi en því er sinnt af slökkviliðsstjóra.

Samþykkt hefur verið að hefja undirbúning við byggingu mögulegrar björgunarmiðstöðvar sem myndi hýsa slökkvilið, lögreglu, björgunarsveitir, almannavarnir og þjónustu Neyðarlíunnar.

Áætlað er fyrir framlagi til sjóvarnargarða til samræmis við framkvæmdir á sjóvarnaráætlun fyrir Ísafjarðarbæ. Hluttur sveitarfélagsins er 1/8 framkvæmdakostnaðarins. Áætlað er fyrir hlut sveitarfélagsins í verkefnum vegna snjóflóðavarna við snjóflóðavarnargarð við Kubba á Ísafirði. Gert ráð fyrir óbreyttu hlutfalli framlags úr Ofanflóðasjóði eða 90%.

### **08 Hreinlætismál.**

Rekstur þessa málaflokks verður lægri en á árinu 2007 aðallega vegna hærri tekna af sorpgjöldum. Framlag til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er í samræmi við fjárhagsáætlun embættisins fyrir næsta ár sem hækkar vegna launahækkana. Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits fer eftir auglýstri gjaldskrá í Stjórnartíðindum og er gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir, sem skoðaðar eru af heilbrigðisfulltrúa, greiði fyrir eftirlitið sem áður. Í undirbúningi er hjá heilbrigðiseftirlitinu að endurskoða gjaldskrá skoðunargjalda frá 30. júní 2005 þannig að gjaldskráin endurspegli sem næst raunkostnað vegna þjónustu embættisins. Greiðslur til Funa vegna brennslu og eyðingu sorps hækka nokkuð á milli ára og er það í samræmi við hækkun sorpgjalda. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag eftirlits með hundum og köttum verði óbreytt frá yfirstandandi ári, þ.e. hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins.

### **09 Skipulags- og byggingarmál.**

Rekstur þessa málaflokks hækkar frá árinu 2007 en áætlað er fyrir nýrri stöðu á tæknideild. Árið 2005 var ráðinn starfsmaður á tæknideild til að sinna verkefnum fyrir Eignasjóð, aðallega varðandi eftirlit og framkvæmd viðhalds. Gert er ráð fyrir að efla þá starfsemi með ráðningu umsjónarmanns íþróttamannvirkja inn á Eignasjóð.

Gert er ráð fyrir að þjónustufulltrúi á Þingeyri sinni áfram landbúnaðarmálum og ýmsum sérverkefnum fyrir tæknideild og Skóla- og fjölskylduskrifstofu.

Samningur var gerður í nóvember 2006 um samstarf við Bolungarvíkurkaupstað um rekstur tæknideilda sveitarfélaganna og er áætlað fyrir tekjum vegna þessa í frumvarpinu. Áhugi er fyrir því að halda áfram með þetta samstarfsmál og jafnvel sameina tæknideildirnar formlega. Samningur er við Teiknistofuna Eik um gerð deili- og aðalskipulags og hefur verið unnið að þeim verkefnum á árinu.

### **10 Umferðar- og samgöngumál.**

Rekstur þessa málaflokks hækkar verulega eða um 20% frá árinu 2007 og er að hluta tekið mið af rauntölum ársins 2007. Í fjárhagsáætlun 2007 var gert ráð fyrir lækkingu kostnaðar frá árinu 2006 vegna minna viðhalds og auknum tekjum vegna gatnagerðargjalda sem ekki gekk

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

eftir. Fyrir liggur sérstök 15 ára viðhalds- og endurnýjunaráætlun gatna og gatnakerfisins og allra mannvirkja. Áætlað er fyrir ýmsum ótilgreindum viðhaldsverkefnum og verður fjármagninu skipt þegar nær líður framkvæmdartíma. Bæjartæknifræðingur mun leggja fram tillögu að forgangsroðun í bæjarráði til samþykktar. Fjöldi verkefna bíður eins og ávallt. Dæmi um það er áframhaldandi endurgerð Hlíðarvegjar, endurnýjun Dalbrautar og Heiðarbrautar ásamt gatnagerðar í öllum byggðakjörnum bæjarins.

### **11 Umhverfismál.**

Rekstur þessa málaflokks verður nær óbreyttur frá árinu 2007 en gert er ráð fyrir ráðningu umhverfisfulltrúa í nýja stöðu hjá málaflokknum.

Gert er ráð fyrir að áfram verið samið við verktaka um slátt og umhirðu opinna svæða á grundvelli samninga um þjónustuna. Áfram er gert ráð fyrir embætti garðyrkjjustjóra. Áætlað er fyrir auknum kostnaði við opin svæði í ljósi reynslu þessa og fyrra árs. Í ljósi reynslunnar af útboði og ráðningu nýs starfsmanns mun heildarendurskoðun á málaflokknum fara fram með það í huga að ná fram hagræðingu í rekstri og bættri umhirðu opinna svæða frá því sem nú er. Úttekt óháðs aðila hefur farið fram og mun úttektarskýrsla hans verða nýtt við endurskoðunina þegar skýrslan liggur fyrir.

Gert er ráð fyrir að áhaldahús Ísafjarðarbæjar í samvinnu við Vinnuskólann hafi umsjón með og framkvæmd á daglegum tilfallandi smærri verkefnum.

### **13 Atvinnumál.**

Meirihlutinn leggur mikla áherslu á atvinnumál í sveitarfélaginu. Framlög til málaflokksins endurspeglar þá stefnu og munu framlögin hækka um nær 50% á milli ára. Munar þar mestu um nýjan samning við fyrirtækið Alsýn ehf sem undirritaður var í nóvember á þessu ári. Þar er gert ráð fyrir að sköpuð verði allt að 50 ný störf á næstu tveimur árum bæði í þjónustu og framleiðslu.

Ennfremur er gert ráð fyrir framlagi til reksturs Markaðsskrifstofu Vestfjarða og upplýsingamiðstöðvar á Ísafirði sem styðja munu við þetta stóraukna átak í nýsköpun starfa í Ísafjarðarbæ. Þá er gert ráð fyrir því að kaupa þjónustu til reynslu af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða vegna atvinnumálanefndar og annarra tilfallandi starfa.

### **20 Framlög til fyrirtækja í B-hluta.**

Framlög til fyrirtækja í B-hluta lækka frá yfirstandandi ári.

Kostnaður við málaflokk Dvalar- og hjúkrunarheimila lækkar en hækkar hjá Funa.

Gert er ráð fyrir 10 millj.kr. framlagi til Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf og hefur þá framlagið lækkað um 20 millj.kr. á tveimur árum. Þannig sýna Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. árangur í rekstri sínum þó enn sé hann mjög þungur. Sveitarfélög eins og Ísafjarðarbær þurfa að fá enn frekari leiðréttingu vegna þessara mála hjá ríkisvaldinu, margt gott hefur gerst í gegnum Varasjóð húsnæðismála en nú þarf að styrkja sjóðinn enn frekar og eru viðræður hafnar um það.

Á árinu 2005 var 60 millj.kr. yfirdráttur Fasteigna Ísafjarðarbæjar hjá Landsbankanum yfirtekinn með því að skuldbreyta honum í hlutafé og hefur sú ráðstöfun ásamt því, að haldið er áfram að selja félagslegar íbúðir til almennings og fækka þannig íbúðum í eigu félagsins. Þannig er minni þörf er á fjárframlagi úr bæjarsjóði en áður, auk þess sem tekið er markvisst á rekstri félagsins og öllu eftirliti.

### **21 Sameiginlegur kostnaður.**

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

Rekstur þessa málaflokks hækkar verulega frá árinu 2007 eða um rúm 27% aðallega þar sem gert er ráð fyrir nýjum stöðum á bæjarskrifstofu til samræmis við nýtt stjórnskipulag og svo hækkunar á nefndarlaunum í samræmi við verðbreytingar.

Gert er ráð fyrir að launataxtar til bæjarstjórnar og bæjarráðs svo og annarra nefnda og ráða hækki þann 1. janúar 2008 til samræmis við hækkun þingfararkaupts. Taxtar nefndarlauna og greiðslur til bæjarfulltrúa verða 21.244 kr. til bæjarfulltrúa fyrir hvern fund og tvöföld sú greiðsla til forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs. Auk þessa fá bæjarfulltrúar fasta 37.500 kr. mánaðarlega greiðslu en sú greiðsla hefur ekki hækkað frá árinu 2003. Fulltrúar í öðrum nefndum fá 10.622 kr. fyrir hvern fund en formaður nefndarinnar fær tvöfalda þá upphæð. Verkefni bæjarfulltrúa og nefndarfólks eru að aukast og meira orðið um að fólk þurfi að taka frí úr vinnu til að sinna sínum verkefnum. Samanburður á nokkrum sveitarfélögum af svipaðri stærð og Ísafjarðarbær leiðir í ljós að greiðslur til nefndafólks og bæjarfulltrúa eru í lægri kantinum hjá Ísafjarðarbæ.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við rekstur bæjarskrifstofu aðallega vegna hærri launakostnaðar. Bætt er við stöðugildi vegna ráðningar mannauðsstjóra og upplýsingafulltrúa. Áætlað er fyrir uppgjöri við fráfarandi fjármálastjóra samkvæmt starfslokasamningi.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til sérstakra rekstrarverkefna á sviði tölvumála og upplýsingatækni. Innkaup vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar er miðlægur hjá embætti kerfisstjóra Ísafjarðarbæjar og skilar sú ráðstöfun markvissari nýtingu fjármagns til þessara mála og stuðlar að einsleitara umhverfi sem þýðir lægri rekstrarkostnað á komandi árum. Áætlað er fyrir kostnaði vegna leigu og reksturs húsnæðis á 3. hæð Stjórnsýsluhúss fyrir nýja starfsmenn á bæjarskrifstofu. Enn er gert ráð fyrir auknum kostnaði á greiðslu hlutdeildar í eftirlaunum til Tryggingarstofnunar ríkisins og þá aðallega vegna verðtryggingarþáttar launanna. Þessi kostnaður hefur margfaldast á örfáum árum og sem dæmi var þessi kostnaður 1,7 millj.kr. á árinu 1998. Á næsta ári er kostnaðurinn áætlaður 16,6 millj.kr.

Þróunar- og starfsmenntunarsjóður hefur verið starfræktur um nokkurra ára skeið. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir að endurskoða starfsemi sjóðsins. Söfnun upplýsinga og samanburður við önnur sveitarfélög er hafin. Markmiðið er að styðja vel við starfsfólk Ísafjarðarbæjar í endurmenntun og námi. Þar er stefnan að vera fyllilega samanburðarhæf við önnur sveitarfélög.

Á grunni áfangaskýrslu tölvunefndar Ísafjarðarbæjar um stefnumörkun í tölvu- og upplýsingamálum sveitarfélagsins og fjárframlaga á fjárhagsáætlun 2006 og 2007 hefur verið unnið að uppbyggingu og endurbótum á upplýsingamálum sveitarfélagsins, m.a. með ráðningu kerfisstjóra, kaupum á nýjum öflugum miðlægum tölvubúnaði, nýjum vélasal, IP-tölvusímkerfi o.fl. Áfram verður unnið að uppbyggingu upplýsingakerfa sveitarfélagsins og gert ráð fyrir nýju rafrænu reikningakerfi fyrir Þjónustumiðstöð og uppfærslu á núverandi hugbúnaði. Tölvunefnd hefur lagt til að GSM símanotkun hjá bæjarfélaginu verði endurskoðuð og öll notkun skilgreind til að lækka kostnað. Hafist verður handa við þessa breytingu á árinu 2008. Töluverður árangur hefur náðst nú þegar við lækkun símakostnaðar með notkun IP kerfis og með því að skilgreina hringingar á milli starfsmanna sveitarfélagsins í samræmi við rammisamning bæjarins og Símans.

Starf tölvunefndar verður metið í ljósi reynslu liðinna ára og starfsmannabreytinga og skoðað hvort nefndin eigi að starfa áfram eða að verkefni hennar flytjist til kerfisstjóra og bæjarráðs. Reynslan af nýrri tilhögun símsvörunar á bæjarskrifstofu er góð en með samningi við fyrirtækið Símaverið hefur reynst unnt að bæta þjónustuna við símsvörun í aðalsíma Ísafjarðarbæjar verulega. Á grundvelli nýs stjórnskipulags verður unnið að uppbyggingu þjónustuværs.

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

Framkvæmd verður þjónustukönnun fyrir sveitarfélagið á árinu 2008 þar sem markmiðið er að fá fram afstöðu íbúa til þjónustu sveitarfélagsins og skoða hvar styrkleikar og veikleikar liggja. Niðurstöðuna verður hægt að nota varðandi þjónustuna almennt sem og í stefnumótun í ýmsum málaflokkum s.s. fjölskyldumálum. Þá er könnunin gott stöðumat sem nýtist til að mæla árangur með því að gera sambærilega könnun t.d. árlega. Það er vel við hæfi að gera þessa könnun núna þegar ráðist hefur verið í umfangsmiklar breytingar til að efla og bæta stjórnsýslu sveitarfélagsins.

### **22 Lífeyrisskuldbindingar.**

Rekstur þessa málaflokks hækkar frá áætlun ársins 2007 um 33 millj.kr. en afar erfitt hefur reynst að spá fyrir um þennan kostnaðarlið sem bókaður er í árslok hvers rekstarárs. Lífeyrisskuldbindingar hafa aukist verulega á undangengnum árum og þá nokkuð umfram hækkun verðlags. Sem ástæðu þessa má geta um fjölgun starfsmanna sem farið hafa á eftirlaun, hækkun lífeyrisgreiðslna vegna nýrra kjarasamninga svo og ekki hvað síst vegna hækkandi lífaldurs landsmanna almennt. Heildarlífeyrisskuldbindingar í árslok 2007 eru áætlaðar að verði 826 millj.kr.

### **28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.**

Rekstur þessa málaflokks lækkar frá árinu 2007 aðallega vegna hærri innri vaxta. Reiknaðar innri vaxtatekjur af langtímaskuldum stofnana við bæjarsjóð (Eignasjóðs, Þjónustumiðstöðvar, Hlíf og fráveitu) eru áætlaðar 70,1 millj.kr. og áfallnar verðbætur á sömu innri lán eru áætlaðar 65,2 millj.kr. eða alls reikningslegir vaxtaliðir að upphæð 135,2 millj.kr. Þessir reiknuðu liðir eru á móti færðir til gjalda hjá viðkomandi stofnunum.

Vaxtatekjur af veltufjármunum eru áætlaðar að hækki frá áætlun þessa árs vegna hækkunar skammtíma vaxta á markaði og í ljósi reynslu frá árinu 2006. Gert er ráð fyrir 17 millj.kr. arðgreiðslu frá vatnsveitu, sem er afgangur af spáðum eignum vatnsveitunnar í árslok þessa árs. Vaxtagjöld af langtímaskuldum eru áætluð að verði 30,5 millj.kr., lækka um 8,8 millj.kr. frá áætlun 2007 vegna lægri langtímaskulda bæjarsjóðs þar sem en ný langtímalán eru færð hjá Eignasjóði til að fjármagna nýjar fjárfestingar

### **31 Eignasjóður.**

Rekstur þessa málaflokks hækkar frá árinu 2007 vegna hærri vaxtagreiðslna af innri og ytri langtímalánum.

Í Eignasjóði er færður rekstur fasteigna sveitarfélagsins að frátöldum íbúðum sem hafa verið innleystar í félagslega húsnæðiskerfinu. Tekjur eru millifærð leiga milli Eignarsjóðs og viðkomandi stofnana sem nýta fasteignir hans. Útgjöld eru aðallega afskriftir, opinber gjöld, viðhald og innri vextir og verðbætur. Grunnur útreikninga innri húsaleigu er endurmetinn árlega með því að uppfæra viðmiðunarfjárhæðir í ljósi gildandi vaxtakjara hjá Lánasjóði sveitarfélaga á hverjum tíma auk þess sem tekið er tillit til nýfjárfestinga á rekstrarárinu. Nýr útreikningsgrunnur hækkar leigu allflestra húseigna og þá aðallega hjá deildum þar sem nýfjárfestingar eru skráðar, s.s. hjá Grunnskólanum á Ísafirði. Starfsmaður Eignasjóðs hefur umsjón með rekstri Eignasjóðs, hann sér um að gera viðhaldsáætlanir, forgangsraðar framkvæmdum og vinnur að fyrirbyggjandi viðhaldi. Hlutverk og verkefni Eignasjóðs var skilgreint á árinu 2006 og hefur sjóðurinn nú heimild til að bjóða leigutaka viðkomandi húseignar aukna þjónustu, s.s. húsvörslu, ræstingu, snjósmokstur, sorphirðu o.fl. gegn herra leigugjaldi. Gert er ráð fyrir að efla starf Eignasjóðs í ljósi góðrar reynslu með því að nýr starfsmaður á tæknideild starfi með núverandi starfsmanni sjóðsins ásamt því að stjórna starfsfólki íþróttamannvirkja og íþróttasvæða.

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir alls um 38 millj.kr. til ýmissa tilfallandi viðhaldsverkefna á fasteignum og lóðum.

Undir Eignasjóð eru ennfremur færðar allar nýframkvæmdir sem ekki teljast tilheyra stofnunum sveitarfélagsins og er þeirra getið í umfjöllun um viðkomandi málaflokk.

### **33 Þjónustustöð.**

Rekstur þessa málaflokks verður nær hinn sami og á árinu 2007.

Auk almennra verkefna vegna þjónustu við vatnsveitu og fráveitu, hreinsunar gatna, snjómoksturs o.fl. sinna starfsmenn þjónustustöðvar hunda- og kattaeftirliti og smærri verkefnum sem áður tilheyrðu almenningsgörðum. Gert er ráð fyrir að kaupa gröfu til endurnýjunar á eldri gröfu áhaldshússins á Ísafirði og gert er ráð fyrir að skipta um járn á þaki áhaldahússins á Þingeyri.

Talað hefur verið um byggingu björgunarmiðstöðvar. Það er rétt að athuga frekari samrekstur þjónustustöðvar og slökkviliðs um leið enda líkur á jákvæðum samlegðaráhrifum af frekara samstarfi og samrekstri þessara stofnana.

### **41 Hafnarsjóður.**

Rekstur hafnarsjóðs verður lakari á árinu 2008 en samkvæmt fjárhagsáætlun þessa árs vegna minnkandi tekna. Í tekjuspá er tekið mið af spá Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um lækkanði tekjur hafnarsjóða vegna samdráttar í aflaheimildum auk þess sem tekið er mið af rekstrarspá frá síðasta mánuði um tekjur hafnarsjóðs á þessu ári.

Gert er ráð fyrir bifreiðakaupum. Athugað verður hvort hagstæðara er að taka bíla á rekstraleigu og taka úr rekstri eldri og óhagstæðari bifreiðar.

Rekstur hafnarsjóðs fer eftir hafnalögum nr. 61/2003. Lagður er virðisaukaskattur á útselda þjónustu en á móti er heimilt að draga frá innskatt af aðföngum.

Áfram er lögð áhersla á áframhaldandi framkvæmdir á vegum hafnarsjóðs og eru helstu framkvæmdir við nýbyggingu Olúbryggju við Mávagarð og dýpkun, endurbygging stálsþils og dýpkun innsiglingarennu á Suðureyri, ný flotbryggja á Flateyri og dýpkun smábátabryggju og rif á trébryggju á Þingeyri. Auk þessa verður ráðist í ýmis viðhaldsverkefni hjá höfnum Ísafjarðarbæjar. Gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar hækkar almennt um 4,5% eins og aðrar gjaldskrár utan taxti kranagjalds sem lækkar um rúm 15%. Aflagjald lækkar úr 1,4% í 1,3%. Með þessum lækkunum er leitast við að koma til móts við útgerðir sem verða fyrir skerðingu þorskafla um 30%.

### **43 Vatnsveita.**

Rekstur þessa málaflokks verður lakari en á þessu ári vegna lægri tekna af vatnssölu til fyrirtækja og lægri álagningarstuðuls vatnsgjalds.

Fyrirkomulag gjaldskrár aukavatnsgjalds og afslættir frá henni verða óbreyttir en fyrirtækjum sem flokkast undir stórnotendur er veittur afsláttur kaupí þau 200 þús. rúmmetra eða meira af vatni innan ársins.

### **53 Dvalarheimili.**

Rekstur þessa málaflokks verður álíka og á árinu 2007 en framlag úr bæjarsjóði er miðað við fjárhæð sem dugar til að greiða rekstur og afborganir langra lána.

## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

Á þessu ári var hætt að taka inn nýja vistmenn á Hlíf-þjónustudeild en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir á síðastliðnum fimmtán árum hefur ekki tekist að fá aukið framlag úr ríkissjóði til reksturs deildarinnar í ljósi raunkostnaðar. Unnið er í Þjónustuhópi aldraðra að eflingu og samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Jafnframt mun félagsmálanefnd fjalla um búsetuúrræði aldraðra í stefnumótunarvinnu sem fram fer í vetur. Reikna má með að línur verði orðnar skýrar í vor samkvæmt bókun félagsmálanefndar á fundi 4. desember sl.

Stefna Ísafjarðabæjar er að efla heimahjúkrun og heimaþjónustu enn frekar til að gera einstaklingum kleift að búa sem lengst heima hjá sér.

Gert er ráð fyrir 1,6 millj.kr. framlagi vegna lóðarframkvæmda við Tjörn, dvalarheimili aldraðra Þingeyri. Ísafjarðarbær mun sjá um framkvæmdina og innheimta hlut ríkisins á móti auk þess sem gjafafé liggur fyrir til þessara framkvæmda.

### **57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.**

Á árinu 2003 stofnaði Ísafjarðarbær nýtt eignarhaldsfélag, Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf, um félagslegar íbúðir sveitarfélagsins. Rekstur félagslegra íbúða hefur verið erfiður þar sem leigutekjur hafa ekki dugað til að standa undir rekstri íbúðanna auk þess sem sumar íbúðirnar hafa staðið tómar. Lögð hefur verið áhersla á að selja leiguíbúðir á almennan markað og þannig fækka íbúðum í eigu félagsins. Mikilvægt er að halda áfram að selja íbúðir út úr kerfinu þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður Varasjóð húsnæðismála á árinu 2010 samkvæmt upphaflegum markmiðum um sjóðinn, en nú þegar er fjármagn í sjóðinn farið að minnka. Teknar hafa verið upp viðræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins um styrkingu sjóðsins en ekkert liggur fyrir um það ennþá. Jafnframt er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að ákveða hvaða íbúðum eigi að halda eftir til að mæta þörf fyrir félagslegt húsnæðisúrræði. Á árinu 2006 voru 17 íbúðir seldar auk þess sem gengið var frá sölu á íbúðum við Árvelli. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hve margar íbúðir hafa verið seldar á þessu ári. Árangur þessa og annarra markvissra aðgerða stjórnenda félagsins er að koma í ljós þar sem fjárframlag til Fasteigna Ísafjarðarbæjar lækkar á milli ára og verður 10 millj.kr. en var 15 millj.kr. árið 2007 og 30 millj.kr. á árinu 2006.

### **61 Fráveita**

Rekstrarniðurstaða þessa málaflokks verður ívið betri en á árinu 2007 vegna hærri tekna en lagt er til að álagningarstuðull holræsagjalds hækki á móti lækkun álagningarstuðuls vatnsgjalds. Áfram verður unnið að átaki við klæðningu lagna auk fleiri verkefna samkvæmt fyrirbyggjandi fjárfestinga- og viðhaldsáætlunum, stóratök verður gert á næstu þremur árum í flutningi ræsis úr Pollinum þvert yfir eyrina og út fyrir. Ræsi í Króknum verða sameinuð og lengd verulega. Til að mæta auknum verkefnum við framkvæmdir við fráveitu hefur holræsagjaldið hækkað úr 0,22% af fasteignamati húsa og lóða í 0,30% á tveimur árum. Til lengri tími er áætlað að þessar framkvæmdir skili lægri rekstrar- og stofnkostnaði þar sem lengja má allnokkuð líftíma slíkra lagna, sem klæddar hafa verið.

### **63 Funi.**

Rekstur þessa málaflokks verður betri en á árinu 2007 og munar þar mest um auknar tekjur og lægri vaxtakostnað. Á árinu 2006 var samið við Gamaþjónustu Vestfjarða ehf um sorphreinsun til fjögurra ára og nýr samningur gerður við Orkubú Vestfjarða hf um sölu á umframorku til upphitunar húsa í Holtahverfi á Ísafirði. Endurskoðaðir hafa verið samningar við önnur sveitarfélög um móttöku og eyðingu sorps frá þeim, og skilar það auknum tekjum.



## **Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða**

Taxtar sorpeyðingar og sorpurðunar vegna móttöku og eyðingu sorps frá íbúum Ísafjarðarbæjar verður hækkað úr 29.000 í 35.000.

Lokið verður við frágang og niðursetningu á nýrri vigt við Funa, nýrri fokgirðingu og framkvæmdum við eitt nýtt gámasvæði, af þremur utan Ísafjarðar. Sérstök eingreiðsla úr bæjarsjóði 30,6 millj.kr. er ætluð til að mæta greiðslum afborgana og vaxta áhvílandi lána. Gert er ráð fyrir að Funi taki lán til að fjármagna nýjar fjárfestingar.

Miklar breytingar eru framundan í sorpeyðingarmálum vegna skilagjalds á fleiri vörum. Því gæti þurft að breyta gjaldskrá Funa og vigta inn allt sorp í stað þess að vera með fasta gjaldskrá fyrir fyrirtækin. Leitast verður við að hafa rekstur Funa sem hagstæðastan og áfram verður tekið við sorpi til brennslu frá öðrum sveitarfélögum.

Ísafjarðarbær hefur samþykkt að taka þátt í samstarfsverkefni sem Samband íslenskra sveitarfélaga stýrir í sorpmálum. Ráðinn verður sérstakur verkefnisstjóri fyrir sveitarfélögin í landinu til að gæta hagsmuna þeirra í málaflokknum sem gengur í gegnum miklar breytingar þessi misserin.

Marka þarf stefnu Ísafjarðarbæjar í þessum málaflokki á árinu 2008 þar sem horft er 10-15 ár fram í tímann og tekið tillit til þess að endurnýja þarf Funa að mestu eftir 3-5 ár. Skoða þarf kosti þess að jarðgera meira af sorpinu, senda vörur með skilagjaldi í endurvinnslu og jafnvel eyða því sem eftir stendur með öðrum hætti en í sérstakri sorpbrennslu við Skutulsfjörð. Þetta þarf allt að veða og meta út frá rekstar- og endurnýjunarkostnaði Funa.

Til greina kemur að hætta rekstri Funa, starfrækja flokkunar-, jarðgerðar- og endurvinnslustöð í staðinn en flytja sorp annað til brennslu. Niðurstaðan ræðst af því hver kostnaðurinn verður þegar þetta er allt vegið og metið.

### **IV. Sjóðsstreymi.**

Í frumvarpinu er birt yfirlit sjóðsstreymis bæjarsjóðs og stofnana hans. Sjá má sjóðssteymi einstakra stofnana en í sjóðssteymi samstæðu sést að veltufé frá rekstri er áætlað jákvætt um 174 millj.kr., að teknu tilliti til þess að reiknaðir liðir, afskriftir, breyting áfallinna lífeyrisskuldbindinga, verðbætur og gengismunur, hafa verið dregnir frá. Reksturinn sjálfur með þessum reiknuðu liðum er neikvæður um 163 millj.kr. Afborganir langra lána eru áætlaðar 226 millj.kr. og fjárfestingar 457 millj.kr. Gert er ráð fyrir að bæjarsjóður taki ný langtímalán og/eða gangi á eigið fé að upphæð 419 millj.kr. verði frumvarp þetta að endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

### **Eftirmáli.**

Rekstrarspá fyrir árið 2007 sýnir fram á að veltufé frá rekstri verður meira en áætlað var í fjárhagsáætluninni. Þessari niðurstöðu er spáð þrátt fyrir að ýmsum viðbótarverkefnum hafi verið vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun ársins 2007. Auknar tekjur, m.a. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bæta stöðuna verulega.

Reiknað er með auknum rekstrarútgjöldum árið 2008 eins og fram hefur komið í stefnuræðu þessari. Tillögur stjórnarsýslunefndar um ný stöðugildi verða framkvæmd, samningar eru lausir á næsta ári og þó ekki sé hægt að áætla neitt um kostnaðarauka vegna nýrra samninga þarf að gera ráð fyrir því að töluverð útgjaldaaukning verði.

## Fjárhagsáætlun 2008 – fyrri umræða

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar undir forystu B- og D-lista hefur frekar aukið þjónustu sveitarfélagsins en dregið úr henni eins og oft hefur verið talað um að þyrfti að gera á vettvangi bæjarstjórnar. Við höfum ekki tekið undir það. Við teljum það ekki forsvaranlegt gagnvart íbúum bæjarfélagsins, við þurfum að taka þátt í samkeppni um fólkið eins og önnur sveitarfélög. Okkar áherslur hafa verið á tekjuhliðina þar sem barist hefur verið fyrir auknum skilningi ríkisvaldsins á sérstöðu sveitarfélaganna. Þar hefur náðst mikill árangur þó alltaf megi gera betur. Tvöföldun á aukaframlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga utan vaxtarsvæða skiptir okkar sveitarfélag miklu máli.

Lækkun leikskólagjalda, aukin þjónusta í grunnskólum, frítt fyrir börn í sund, gjaldfrjálsar almenningssamgöngur, meiri stuðningur við atvinnulífið með samningi við Alsýn, upplýsingamiðstöð, rekstur markaðsskrifstofu, framlag til Atvinnuþróunarfélags o.fl. í þessum dúr eykur rekstrarkostnað bæjarins. Hin hliðin er sú að með þessum aðgerðum ætlum við að laða til okkar fleiri íbúa, fleiri fyrirtæki og bæta hér allar aðstæður svo um munar. Við teljum sveitarfélagið okkar góðan valkost til búsetu, ekki síst vegna þess að hér er mannvænt og fjölskylduvænt umhverfi, búsetukostnaður er lægri en á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega húsnæðiskostnaðurinn. Þess vegna ætlum við okkur að vera enn samkeppnisfærari um fólkið með þessum aðgerðum.

Nánar um rekstur, sundurliðaðar fjárfestingar og aðrar áherslur í stefnuræðu við síðari umræðu.

Ísafjarðarbæ, 6. desember 2007  
Halldór Halldórsson  
- bæjarstjóri -